



DIMMA

Starfsáætlun
Félagsmiðstöðin Dimma
2021-2022

Sunna Rut Garðarsdóttir

sunna.g@kopavogur.is



Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	3
Opnunartímar Dimmu	3
Félagsmiðstöðvadaatal 2020 – 2021	3
Starfið í vetur	4
Viðburðir í vetur.....	5
Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvar	5
Litla Dimma.....	5
Sameiginlegir viðburðir	5
Viðburðir í samvinnu við skólann	5
Sameiginlegir viðburðir á vegum Samfés	5
Hópastarf.....	6
Opið starf	6
Klúbbastarf	6
Sérstækt hópastaf	7
Verkefni sem snúa að Barnasáttmálanum og heimsmarkmiðunum	7
Sumaropnun félagsmiðstöðva	8
Unglingaráð.....	9
Félkóraráð	9
Ungmennaráð.....	9
Samfésráð	9
Samstarf við foreldra	9
Verkferlar.....	10
Innra mat.....	10
Símenntun	11
Símenntuntunaráætlun 2021-2022.....	11
Fjöldatölur.....	12
Starfsmenn Dimmu	12

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Dimma er fyrir börn og unglinga í 5-10.bekk og er staðsett í Vatnsendaskóla, Funahvarfi 2. Dimma er með með skrifstofu og aðstöðu fyrir unglingana sem er staðsett í skúrum á lóð skólans en einnig höfum við aðgang að matsalnum, hátíðarsalnum og afnot af kennslustofum í samráði við kennara Vatnsendaskóla þegar þarf á að halda. Það er í ferli að færa félagsmiðstöðina aftur inni skóla, þar sem samningurinn átti að vera bara til 1 árs að félagsmiðstöðin væri staðsett í skúrnum. Það mun vonandi ganga í gegn um áramótin. Fjöldi skráðra barna í 5-7.bekk eru 195 nemendur og í 8-10.bekk eru 180 nemendur, samtals 375 nemendur í 5-10.bekk í Vatnsendaskóla.

Forstöðumaður í Dimmu er Sunna Rut Garðarsdóttir. Síminn í Dimmu er 696-1630 og netfang forstöðukonu er sunna.g@kopavogur.is.

Opnunartímar Dimmu

Hefðbundin opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 – 22:00 og annan hvern föstudag frá kl. 19:30-23:00. Einnig er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir fyrir utan hefðbundinn opnunartíma í félagsmiðstöðinni.

Félagsmiðstöðvadaatal 2020 – 2021

Menntasvið
Frístundadeild

Félagsmiðstöðvadaatal 2021 - 2022

Nafn:

Orkuþýki		Stundir												Gjaldtörlung samant	
ÁGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ					
1. S	1. M	1. S	1. M	1. S	1. M	1. S	1. M	1. S	1. M	1. S	1. M	1. S	1. M	1. S	1. M
2. Þ	2. F	2. L	2. S	2. M	2. F	2. L	2. S	2. M	2. F	2. L	2. S	2. M	2. F	2. L	2. S
3. Þ	3. F	3. L	3. S	3. M	3. F	3. L	3. S	3. M	3. F	3. L	3. S	3. M	3. F	3. L	3. S
4. M	4. L	4. M	4. S	4. F	4. Þ	4. L	4. S	4. F	4. Þ	4. L	4. S	4. F	4. Þ	4. L	4. S
5. F	5. S	5. Þ	5. M	5. F	5. L	5. Þ	5. M	5. F	5. L	5. Þ	5. M	5. F	5. L	5. Þ	5. M
6. F	6. M	6. F	6. L	6. M	6. F	6. L	6. M	6. F	6. L	6. M	6. F	6. L	6. M	6. F	6. L
7. L	7. Þ	7. M	7. S	7. Þ	7. M	7. S	7. Þ	7. M	7. S	7. Þ	7. M	7. S	7. Þ	7. M	7. S
8. S	8. M	8. F	8. L	8. M	8. F	8. L	8. M	8. F	8. L	8. M	8. F	8. L	8. M	8. F	8. L
9. M	9. L	9. M	9. S	9. M	9. L	9. M	9. S	9. M	9. L	9. M	9. S	9. M	9. L	9. M	9. S
10. Þ	10. F	10. L	10. S	10. M	10. F	10. L	10. S	10. M	10. F	10. L	10. S	10. M	10. F	10. L	10. S
11. M	11. S	11. Þ	11. M	11. F	11. L	11. Þ	11. M	11. F	11. L	11. Þ	11. M	11. F	11. L	11. Þ	11. M
12. F	12. M	12. F	12. L	12. M	12. F	12. L	12. M	12. F	12. L	12. M	12. F	12. L	12. M	12. F	12. L
13. F	13. M	13. F	13. L	13. M	13. F	13. L	13. M	13. F	13. L	13. M	13. F	13. L	13. M	13. F	13. L
14. L	14. Þ	14. M	14. S	14. M	14. L	14. Þ	14. M	14. S	14. M	14. L	14. Þ	14. M	14. S	14. M	14. L
15. S	15. M	15. F	15. L	15. M	15. F	15. L	15. M	15. F	15. L	15. M	15. F	15. L	15. M	15. F	15. L
16. M	16. F	16. M	16. S	16. M	16. F	16. L	16. M	16. F	16. L	16. M	16. F	16. L	16. M	16. F	16. L
17. Þ	17. M	17. F	17. L	17. M	17. F	17. L	17. M	17. F	17. L	17. M	17. F	17. L	17. M	17. F	17. L
18. M	18. L	18. M	18. S	18. M	18. L	18. M	18. S	18. M	18. L	18. M	18. S	18. M	18. L	18. M	18. S
19. F	19. S	19. M	19. Þ	19. M	19. F	19. L	19. M	19. F	19. L	19. M	19. F	19. L	19. M	19. F	19. L
20. F	20. M	20. F	20. L	20. M	20. F	20. L	20. M	20. F	20. L	20. M	20. F	20. L	20. M	20. F	20. L
21. L	21. Þ	21. M	21. S	21. M	21. L	21. Þ	21. M	21. S	21. M	21. L	21. Þ	21. M	21. S	21. M	21. L
22. S	22. M	22. F	22. L	22. M	22. F	22. L	22. M	22. F	22. L	22. M	22. F	22. L	22. M	22. F	22. L
23. M	23. L	23. M	23. S	23. M	23. L	23. M	23. S	23. M	23. L	23. M	23. S	23. M	23. L	23. M	23. S
24. Þ	24. F	24. L	24. S	24. M	24. F	24. L	24. S	24. M	24. F	24. L	24. S	24. M	24. F	24. L	24. S
25. M	25. S	25. M	25. Þ	25. M	25. F	25. L	25. M	25. F	25. L	25. M	25. F	25. L	25. M	25. F	25. L
26. F	26. M	26. F	26. L	26. M	26. F	26. L	26. M	26. F	26. L	26. M	26. F	26. L	26. M	26. F	26. L
27. F	27. M	27. F	27. L	27. M	27. F	27. L	27. M	27. F	27. L	27. M	27. F	27. L	27. M	27. F	27. L
28. L	28. Þ	28. M	28. S	28. M	28. L	28. Þ	28. M	28. S	28. M	28. L	28. Þ	28. M	28. S	28. M	28. L
29. S	29. M	29. F	29. L	29. M	29. F	29. L	29. M	29. F	29. L	29. M	29. F	29. L	29. M	29. F	29. L
30. M	30. F	30. L	30. S	30. M	30. F	30. L	30. M	30. F	30. L	30. M	30. F	30. L	30. M	30. F	30. L
31. Þ		31. S		31. F	31. L		31. M		31. F		31. L		31. M		31. F

Á félagsmiðstöðvadaatalinu má finna helstu tímasetningar yfir árið á fræðslum, fundum og sameiginlegum viðburðum. Mikil samvinna er á meðal félagsmiðstöðva í Kópavogi.

Forstöðumenn hvernar félagsmiðstöðvar funda aðra hverja viku ásamt deildastjóra frístundadeildar. Á þeim fundum eru forstöðumenn upplýstir um einstaka mál og rætt um ýmis mál og lagt fram hugmyndir fyrir starfið. Einnig er sameiginlegt unglingaráð sem heitir Félkóraráð, og eru þar nemendur sem sitja í því ráði í 8 – 10. bekk og koma þau að skipulagi á sameiginlegum viðburðum hjá félagsmiðstöðvunum.

Starfið í vetur

Öll í 8-10. bekk úr Vatnsendaskóla eru velkomin á opnanir. Sérstakar opnanir eru fyrir börn í 5-7. bekk og þær auglýstar sérstaklega. Flestir viðburðir eru opnir öllum en eru þó einstaka viðburðir sem krefjast skráningar líkt og andvökunótt, árshátíð og ferðir á vegum félagsmiðstöðvarinnar en eru þó allir hvattir til þess að mæta og taka virkan þátt í því starfi sem er í boði hverju sinni.

Reglulega fá starfsmenn Dimmu starfsmannafræðslu og tengist sú fræðsla inni félagsmiðstöðvastarfið. Einnig eru starfsmannafundir reglulega og í grundun eftir hverja kvöldopnun.

Áherslur á starfi í vetur er virðing og umhyggja. Öll eru velkomin sama hvaða bakgrunn, kynvitund, kynhneigð, skoðanir eða annað. Lögð verður áhersla á að auka sýnileika félagsmiðstöðvarinnar með von um að fleiri þekki og kynnist starfi félagsmiðstöðvarinnar.

Samstarf við foreldrafélag er nú þegar hafið og lögð verður áhersla á að styrkja það samstarf til að hjálpa okkur með ofangreind markmið.

Forstöðumaður og 70% starfsmaður sjá um félagsmálaval sem spilar einnig hlutverk nemendaráðs. Það er gert í góðu samstarfi með skólanum.

Forstöðumaður Dimmu situr fundi með deildastjóra unglingastigs annan hvern fimmtudag til þess að ræða ýmis mál varðandi nemendur á unglingastigi og að upplýsa hvort annað um stöðu mála.

Eins og á síðasta skólaári er Vatnsendaskóli að vinna í því að verða réttindaskóli UNICEF og situr forstöðumaður Dimmu í réttindaráði ásamt deildastjóra yngra stigs og tveimur öðrum kennurum.

Viðburðir í vetur

Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvar

Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvarinnar eru margvíslegir. Gerð er dagskrá í lok hvers mánaðar fyrir næsta mánuð í samvinnu við nemendaráðið. Fastir viðburðir á vegum Dimmu eru Jólaball, Árshátíð, maraþon í vetrarfríum, kökukeppni, vondunammi keppni og fleira.

Litla Dimma

Miðstigið okkar er kallað *Litla Dimma* og eru allir úr 5-7.bekk velkomnir. Á dagskrá er verið að gera ýmislegt skemmtilegt, t.d skotboltakeppni, útileikir, Tie Dye bolamálun, Kökukeppni og fleira sé nefnt. Í smiðjustarfinu er krafist skráningar. Dagskráin er send út í gegnum Mentor. Skráningar í smiðju fara fram í gegnum google forms á mánudegi í þeirri viku sem smiðjan er. Lagt er upp með að hafa miðstigopnanir alla miðvikudaga á milli 17:00-18:30.

Sameiginlegir viðburðir

Félkó er samstarf félagsmiðstöðva innan Kópavogs og stendur það fyrir ýmskonar viðburðum. Íþróttavikan, spurningakeppnin Getkó, sköpunardagurinn, forvarnarvikan, söngkeppni auk balla eru hluti af föstum viðburðum hjá Félkó ár hvert. Flestir þessa viðburða hefur verið frestað eða framkvæmdir á annan hátt á meðan Covid hefur staðið yfir. Vanalega er mikið og gott samstarf innan Félkó og vonandi fer það að líða undir lok og þá er hægt að fara setja viðburði á dagskrá.

Viðburðir í samvinnu við skólann

Velvilji er hjá öllum aðilum að hafa gott samstarf á milli félagsmiðstöðvar og skólans. Árshátíð og jólaball hafa verið samstarfsverkefni á milli skóla og félagsmiðstöðva. Nýleg hugmynd er að fá nemendafélagið til að halda uppi öðruvísi hádegishléum. Þar sem væri tónlist, borðtennis kakó eða hvað annað sem þeim dytti í hug. Þetta væri áætlað einu sinni í viku á sama vikudegi. Á dagskrá er að halda góðgerðatónleika sem fjórir strákar í 10. Bekk munu sjá um með hjálp félagsmiðstöðvar og skólans. Tónleikarnir eru partur af verkefni í skólanum. Einnig hefur verið komið á samskonar hugmynd hjá foreldrafélagi að fá félagsmiðstöðina til að aðstoða við fjármögnun á útskriftarferð 10. bekkjar. Það yrði gert með balli fyrir unglinga og/eða miðstig.

Sameiginlegir viðburðir á vegum Samfés

Samfés heldur úti viðburðum fyrir félagsmiðstöðvar allstaðar á landinu. Landsmót samfés er viðburður yfir heila helgi þar sem u.þ.b. 5 unglingar frá hverri félagsmiðstöð hittast í

skipulagðri dagskrá sem endar svo á kosningu í Ungmennaráð samfés og að lokum landsþingi. Aðrir viðburðir eru til að mynda Rímnaflæði, danskeppni, Stíll, söngkeppni og Samfestingurinn

Hópastarf

Opið starf

Dagskrá Dimmu á kvöldin er mjög fjölbreytileg og er hún unnin í samstarfi með nemendaráð og starfsfólk Dimmu. Dagskráin er send út í gegnum Mentor, fer á Facebook og Instagram.

Einnig eru sérstakir hópar fyrir 8., 9. og 10.bekk og líka fyrir foreldra á unglingastigi og eru

settar upplýsingar

reglulega á alla þessa hópa.

Hér má sjá dagskrá sem var gefin út fyrir september mánuð.

Klúbbastarf

Síðustu ár hefur gengið erfiðlega að halda úti klúbbastarfi en ákvað var að reyna

aftur þetta ár í samráði við nemendaráð. Hugmyndir að klúbbum komu frá nemendum í nemendaráði og viljum við í félagsmiðstöðinni ýta undir þeirra áhugasvið og hjálpa þeim að framkvæma þær hugmyndir sem þau koma með. Hugmyndir að klúbbum eru þessir:

Pottaklúbbur : Starfsmenn og nemendur hittast í pottinum og höfum það notalegt saman í spjalli um lífið og tilveruna. Einnig gott spjall um líkamsímynd og fleira sem verða teknar til umræðu.

Ræktarklúbbur : Settur upp þannig að unglingar sem eru ekki í reglubundnum íþróttum geta fengið tækifærið að stunda hreyfingu undir handleiðslu. Klúbburinn myndi fara fram í Worldclass Ögurhvarfi og þarf unglingur að eiga kort í Worldclass. Starfsmaður hittir unglingana og teknar eru umræður um mikilvægi hreyfingar og tekin æfing.

DIMMA					MÍÐ	FIM	FÖS
SEPTEMBER	DIMMA FÉLAGSMÍÐSTÖÐ	MÁN	ÞRI		1. 17:00-18:30 LOKAB 19:30-22:00 8. BEKKJAR-KVÖLD	2. OPIÐ TIL 15:00*	3. 19:30-23:00 KYNJAVEISLA FYRIR SJONNA
		6. 17:00-18:30 LOKAB 19:30-22:00 TIE DIY	7. OPIÐ TIL 14:30*		8. 17:00-18:30 MIDSTIGSOPNUN 19:30-22:00 BORDTENNIS OG TEOBALL	9. OPIÐ TIL 15:00*	10. DIMMA
		13. 17:00-18:30 ÆÐI 3 19:30-22:00 STINGER ULTIMATE	14. OPIÐ TIL 14:30*		15. 17:00-18:30 NÚDLUR OG NÖLDUR 19:30-22:00 BRENNÓ	16. OPIÐ TIL 15:00*	17. GISTINÓTT FYRIR 8. BEKK
		20. 17:00-18:30 ÆÐI 3 19:30-22:00 SKALLAFERÐ	21. OPIÐ TIL 14:30*		22. 17:00-18:30 MIDSTIGSOPNUN 19:30-22:00 HJARTSLÁTTUR	23. OPIÐ TIL 15:00*	24. DIMMA
		27. 17:00-18:30 ÆÐI 3 19:30-22:00 SPILAKVÖLD	28. OPIÐ TIL 14:30*		29. 17:00-18:30 SKARTGRIPA- GERÐ 19:30-22:00 KENNÝ OG KÓSI	30. OPIÐ TIL 15:00*	*OPIÐ ALLA JAFNA, SVO LENGI SEM VIÐ ERUM Á STAÐNUM

Matar/bökunarklúbbur: Starfsmenn hitta þá nemendur í heimilisfræðistofu í Vatnsendaskóla og verður eldað/bakað saman og svo í lokin borðað það sem var búið til.

Útivistarklúbbur: Farið verður í stuttar útivistargöngur.

Tölvuleikja/Nördaklúbbur: Spilað eða rætt um það sem tengist tölvuleikjaheiminum. Einnig verður hægt að spila D&D (Dungeons and dragons)

Söngleikjaklúbbur: Mikill áhugi hefur verið á söngleikjum hjá nemendum í 8 – 10.bekk. Svo klúbburinn verður nýttur í spjall um söngleiki og einnig til þess að hvetja nemendur sem hafa áhuga á söng og leiklist.

Stíllklúbbur: Í þessum klúbbi verður undirbúningur fyrir Stíl keppnina sem Samfés heldur utan um.

Sérstækt hópastaf

Sérstækt hópastarf hefur ekki komist á lagnirnar þar sem á er liðað að hausti. Síðasta vetur var einnig lítið um það vegna Covid. Nýr forstöðumaður er enn að kynna sér anda félagsmiðstöðvarinnar og sjá og skynja vandamál þar sem sértækt hópastarf gæti komið inn sem hluti af lausn.

Verkefni sem snúa að Barnasáttmálanum og heimsmarkmiðunum.

Verkefni sem félagsmiðstöðin er að vinna með skólanum er að gera Vatnsendaskóla að Réttindaskóla UNICEF. Í því verkefni koma inn fræðslur fyrir nemendur sem snýr bæði að Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðunum.

Starfið í félagsmiðstöðinni er stöðugt að vinna eftir Heimsmarkmiðunum og Barnasáttmálanum, alla daga í starfi og með því að þjálfra unglingana að vera lýðræðisleg þenkjandi, leyfa þeirra röddum að heyrast og hlusta á skoðanir þeirra. Starfsfólk Dimmu leggur mikið uppá umhverfis og samgöngumál, lýðræði, málefni barna og fjölskyldna, loftlagsmál og lýðheilsu og þar sem starfið er rétt að byrja, stefnum við á að vinna auðvitað með Heimsmarkmiðin.

Sumaropnun félagsmiðstöðva

Dimma stendur fyrir sumaropnun í félagsmiðstöðinni á sumrin. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt. Annarsvegar var boðið upp á sumarsmiðjur fyrir 10 til 13 ára börn og hins vegar dag- og kvöldopnanir fyrir unglinga. Sumarsmiðjurnar voru af ýmsum toga t.d. brjóstsykursgerð, Tie dye bolamálun, hjóla- og sundferðir, heimsóknir, dans, bakstur o.flr. Starf fyrir unglinga var í formi sértæks- og skipulags hópastarfs, vettvangsferða og viðburða. Í sumaropnun félagsmiðstöðvarinnar gátu börn og unglingar komið saman í öruggu og uppbyggilegu umhverfi, og hver og einn notið sín. Lögð var áhersla á skemmtilegt og skapandi starf, jafnt innan sem utandyra, en útivist skipaði ákveðinn sess í sumarstarfinu þetta sumarið.

Fjölbreyttir viðburðir voru í boði í sumar fyrir unglingana en lögð var áhersla á virkni og útiveru. Í boði var frísbíggolf, lasertag, sundferðir, bíóferð, vatnsbyssustríð, útileikir, brjóstsykursgerð. Ísferðir og fleira sé nefnt. Opnanir voru á mánudögum og miðvikudögum frá 12:00 – 17:00 og 19:30 – 22:00. Dagopnanir voru á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 10:00-16:00 og fyrir hádegi á föstudögum. Samhliða dagopnunum félagsmiðstöðvarinnar var einnig unnið með sértækt hópastarf, til dæmis var unnið með hóp sem hét *Stelpum eru stelpum bestar* markmið með vinnu hópsins var að búa til jákvæðan og félagslegan vettvang þar sem stelpur gátu komið og kynnst öðrum stelpum jafnt innan sem og utan síns umhverfis. Í sumar var starfsfólk Dimmu einnig í miklum samskiptum og í samvinnu við Vinnuskóla Kópavogs. Unglingarnir gátu fengið að mæta til okkar þegar opnun var í Dimmu þegar þau voru í hádegishléi eða pásu. Unglingar geta sóst eftir að vinna í Dimmu í stað þess að vera úti í beðum og hefur það samstaf gengið mjög vel. Í sumar voru fjórir unglingar hér við vinnu og voru þeirra verkefni meðal annars að aðstoða með miðstigssmiðjur, hjálpa til með dagskrá og margt fleira. Í tengslum við styrk sem félagsmiðstöðvarnar fengu til að auka stuðning við börn í skipulögðu frístundastarfi á aldrinum 12-16 ára var farið af stað með nýsköpunarverkefnið Félkó-Flakkandi félagsmiðstöð. Flakkandi félagsmiðstöð var hugsuð sem áframhald af sumaropnun félagsmiðstöðva en starfaði þvert á Kópavog, og því ekki bundinn við eitt hverfi. Markmið með Félkó-flakkandi félagsmiðstöð var að virkja áfram einstaklinga sem þurftu sérstaka hvatningu og stuðning á að halda vegna félagslegrar stöðu sinnar sem og bjóða ungu fólki í sveitarfélaginu skemmtilegt og uppbyggilegt frístundastarf með sínum jafnöldrum. Unnið var í góðu samstarfi við foreldra, velferðarsvið, lögreglu og aðra sem koma að málefnum ungs fólks í sveitarfélaginu

Unglingaráð

Í nemendaráði Dimmu sitja 18 unglingar. Nemendaráðið er valgrein og þeir sem hafa áhuga geta skráð sig í nemendaráðsval. Upphaflega átti að hafa 16 hámark en það skolaðist aðeins til. Þó að 18 hafa verið tekin inn er enn biðlisti. Starfsmönnum finnast 18 vera þó of mikið og stundum gengur erfiðlega að halda uppi umræðum fyrir þennan fjölda. Að hausti til er kosinn, formaður, varaformaður, og félkóraráð og ungmennaráð kynnt. Kosningar fara fram að hluta til lýðræðislega innan nemendaráðsins og þeir sem bjóða sig fram halda smá ræðu afhverju hún/hann/hán á heima í því framboði sem við á hverju sinni og í kjölfarið eru nafnlausar kosningar sem forstöðumaður fer svo yfir. Eftir á hefði þó verið betra að bjóða þeim sem hefði áhuga að koma í viðtal og starfsmenn myndu velja hæfasta einstaklinginn. Það voru einungis nokkrir sem að þorðu að standa og halda ræðu og fengu flest atkvæðin. Enginn úr 8. Bekk þorði að bjóða sig fram með þessu móti. Lausnin var að formaður var kosinn með fyrri hætti en þeir sem sóttust í stöðu varaformanns fór í viðtal hjá forstöðumanni.

Ýmis mál eru rædd á nemendaráðsfundum hverju sinni, framkvæmd og útfærsla viðburða ásamt þeim málefnum er snúa að unglingum hverju sinni. Þau sem sitja í nemendaráði eru hvött til að taka virkan þátt í öllu starfi Dimmu og hvetja samnemendur til þátttöku. Einnig eru þeir sem sitja í nemendaráði minnt á að þau eru fyrirmyndir skólans og brot á reglum skólans/landslögum hafa afleiðingar innan nemendaráðsins.

Félkóraráð

Tveir unglingar hafa verið valdnir í Félkóraráð. Voru það unglingar sem upphaflega sóttust í varaformann en fengu val um að taka Félkóraráðið í staðinn.

Ungmennaráð

Einn unglingur situr frá Dimmu í Ungmennaráði Kópavogs. Var þeim einstaklingi boðið það sérstaklega.

Samfésráð

Áhugasamir bjóða sig fram á landsmóti Samfés og eru kosnir lýðræðislega til eins eða tveggja ára.

Samstarf við foreldra

Samstarf við foreldra hefur verið ágætt síðustu ár en mætti vera betra samstarf við foreldraröltið og foreldrafélagið. Forstöðumaður er að vinna í því að byggja upp betra samstarf á milli félagsmiðstöðvarinnar, foreldraröltisins og félagsins. Á dagskrá er fundur með

foreldrafélaginu. Í upphafi árs eru haldnar kynningar fyrir foreldra á miðstigi og í unglingadeild, en vegna COVID-19 faraldursins var sendur góður tölvupóstur á foreldra með upplýsingum varðandi starf félagsmiðstöðvarinnar en vanalega hefur forstöðumaður mætt á þessar kynningar og sagt í stuttu máli frá starfinu. Forstöðumaður ásamt foreldrafélagi munu vera í samstarfi vegna viðburða sem 10. bekkur mun halda fyrir miðstig og unglingastig sem fjáröflun fyrir útskriftarferð.

Verkferlar

Eftirfarandi verkferlar eru til inn á sameign og aðgengilegir öllu starfsfólki.

- Neyðaráætlun
Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og neyðaráætlun er sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.
- Móttaka nýrra starfsmanna.
Farið yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, starfsmannahandbók og fleira.
- Öryggisgátlisti
Starfsfólki er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.
- Handbók um starfið
Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs.
- Rýmingaráætlun
Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaræfingum í samstarfi við skóla og upplýsir starfsfólk.
- Gátlistar vegna sértæks hópastarfs
Móttaka nemanda með annað móðurmál en íslensku og gátlisti vegna eineltis

Innra mat

Starfsmanna- og nemendaráðsfundir eru okkar helsti vettvangur til þess að meta starfið. Einnig dagopnanir þegar starfsfólk nær góðu spjalli við unglingana sem sækja í félagsmiðstöðinni á dagopnunum. En á fundum eru unglingarnir og starfsfólk hvött til að tjá sig og skoðanir sínar á starfinu svo hægt væri að gera starfið betra og bæta það sem þarf. Annað töl sem sem við notum við innra mat eru fjöldataölurnar, þær gefa okkur ekki beinar upplýsingar um gæði og skilvirki þjónustunnar en geta þó hjálpað okkur að koma auga á hvaða árgangar eru að mæta vel og hverjir ekki, þar getum séð og brugðist við því. Í haust hefur verið mjög góð mæting hjá 8.bekk annað en síðasta starfsár en árgangurinn sem er erfitt að ná til í haust er 10.bekkur og var það 9.bekkur í fyrra. Starfsánægja er einnig hluti sem er vel mælanlegur og skiptir grundvallarmáli í starfinu okkar þar sem við sköpum það umhverfi sem krakkarnir sækja. Forstöðumaður leggur mikla áherslu á starfsánægju. Á starfsmannafundum hvetur

forstöðumaður starfsfólkið og gefur þeim hrós að þau eru að standa sig vel og eru að gera starfið frábært. Einnig taka starfsmenn þátt í Starfsmannpúlsi annað hvert ár sem er framkvæmt af Skólapúlsinum.

Símenntun

Breyting var gerð í ár þannig í staðin fyrir að vera með starfsmannfræðslu í hverjum mánuði var löng vinnustofa fyrir alla starfsmenn í byrjun árs. Einhverjar starfsmannafræðslur verða þó á dagskrá í vetur en þær munu miðast við að kenna hvort öðru í bland við utanaðkomandi fræðslu eftir þörfum. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu. Einnig munu félagsmiðstöðvarnar standa fyrir fræðslu í sínu starfi sem snýr að ákveðnu málefni hvern mánuð.

Símenntuntunaráætlun 2021-2022

Fræðsluerindi	Dagsetning	Efni
Að vera starfsmaður í félagsmiðstöð	1.og 3.september	Leiðtogar, fyrirmynd og gleði í frístundastarfi/Hinsegin /Kynsegin fræðsla
Skyndihjálp	20. september	Skyndihjálp, áhersla á ungt fólk og viðbrögð við kvíða og annarri vanlíðan.
Klám og „sexting“	1.nóvember	Umfjöllun um stafrænt kynferðisofbeldi og umfang kynferðislegra myndsendinga meðal barna.
Lærdómsfundur	2.febrúar	Kynning á BA verkefnum starfsmanna félagsmiðstöðva, verkefnum sem hafa fengið tilnefningu í Kópinn, Forvarnarsjóð Kópavogs og Hvatningaverðlaun Samfés
Skipulagsdagur hlutastarfsmanna	4.maí	Hlutastarfsmenn félagsmiðstöðva koma með hugmyndir að viðfangsefnum og skipulagi fyrir næsta starfsár í samtali við deildarstjóra frístundadeildar.

Fræðsluáætlun félagsmiðstöðva í Kópavogi

Fræðsluerindi	Mánuður
---------------	---------

Orkudrykkir	september
Sexting /Hinsegin fræðsla	október
Unglingar gegn ofbeldi	nóvember
Örugg Saman	janúar
Fjölbreytnin auðgar (vinna með fjölmenningu í starfi félagsmiðstöðvanna)	janúar – febrúar
Jafningjafræðsla Velkomin	janúar-febrúar

Fjöldatölur

Fjöldatölurnar eru öðruvísi fyrir skólaárið 2019-2020 þar sem frá 23. mars – 4. maí voru rafrænar félagsmiðstöðvar. En tóku við inn þær tölur í gegnum Instagram, sem var okkar helsti miðill þegar á því stóð. Hér má sjá tölurnar:

Ágúst 2020 – **229**

September 2020 – **622**

Október 2020 – **382**

Nóvember 2020 – **733** (Rafrænar opnanir, talið með allir sem náð var til á Instagram) **176** á Discord

Desember 2020 – **95** (Rafrænar opnanir og hópaskiptar opnanir)

Janúar 2021 – **359**

Febrúar 2021 – **432**

Mars 2021 – **379**

Apríl 2021 – **555**

Maí 2021 – **738**

Júní 2021 – **819**

Júlí 2021 – **301**

Starfsmenn Dimmu

Sunna Rut Garðarsdóttir – Forstöðumaður

Hrefna Lára Sighvatsdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Sigurjón Gíslason – Frístundaleiðbeinandi

Aron Ingi Laxdal – Frístundaleiðbeinandi

Edda Laufey Bjarnadóttir - Frístundaleiðbeinandi